

# Lækningatrygging Hagals

## Skilmálar

### Alþjóðleg sjúkrakostnaðartrygging

#### Skilgreiningar

Eftirtalin orð eða setningar hafa þá sértæku merkingu sem gefin er upp hér að neðan hvar sem þau birtast í þessu skjali, tryggingaskírteinum eða sérskilmálum.

**A Accident/slys:** Skyndilegt, óvænt eða ófyrirséð atvik sem veldur skilgreindu líkamstjóni hjá **vátryggðum aðila**.

**Acute/bráðatilfalli:** Sjúkdómur sem er líklegur til að svara fljótlega **meðferð** sem miðar að því að koma þér til fyrri heilsu, eins og hún var áður en þú fékkst sjúkdóm eða þjáðist af veikindum eða varðst fyrir **slysi**, eða meðferð sem leiðir til fulls bata þíns.

**Advice/ráðgjöf:** Allar læknisheimsóknir eða viðtöl við **lækna eða sérfræðinga**, þar með taldar læknisskoðanir og útgáfa allra lyfseðla (þar með talin endurnýjun lyfseðla).

**Area of Cover/Gildissvæði tryggingar:** Svæðið sem trygging þín gildir á.

**Area 2/Gildissvæði 2 :** Gildir um allan heim nema í Bandaríkjunum.

**B Birth Injury/Fæðingaráverki:** Vansköpun eða **sjúkdómur** sem kemur til meðan á fæðingu stendur.

**C Certificate of Insurance/Tryggingarskírteini:** Tryggingarskírteinið þar sem gefnar eru upplýsingar um tryggingarhafa, hinn vátryggða, gildistíma tryggingar, hvenær trygging tók gildi og vátryggingarfjárhæð sem og aðrir sérskilmálar sem við eiga.

**Chiropracist/Fótaaðgerðafræðingur:** Starfandi fótaaðgerðafræðingur sem er skráður og hefur löggilt leyfi til að starfa við fótaaðgerðir í landi þar sem slík meðferð er veitt.

**Chronic/Langvinnur:** Sjúkdómur sem hefur að minnsta kosti eitt eftirtalinna einkenna:

- Hann er viðvarandi og við honum er engin þekkt lækning.
- Hann kemur aftur eða er líklegur til að koma aftur.
- Hann er varanlegur
- Þú þarft að gangast undir endurhæfingu eða fá sérstaka þjálfun til að takast á við hann.
- Hann þarf langtíma eftirlit, ráðgjöf, læknisskoðanir, rannsóknir eða prófanir.

**Commencement Date/Upphafsdagsetning:** Sú dagsetning á **tryggingarskírteini** sem segir til um hvenær **vátryggingarvernd** hefst.

**Complementary Medicine/Óhefðbundnar lækningar:** Á við lækandi- og greinandi **meðferðarúrræði** sem falla utan stofnana þar sem hefðbundin lækisfræði er stunduð. Þannig lækning innifelur **meðferð** hjá kírópraktor, **meðferð** hjá fótaðgerðarfræðingi, hnykkklækningar, næringarráðgjöf, kínverskar jurtalækningar, smáskammtalækningar og nálastungur sem framkvæmdar eru af viðurkenndum meðferðaraðilum.

**Congenital Anomaly/Meðfædd frávik:** þróun lífæris eða frumuhluta innan legs sem eru óeðlileg hvað varðar útlit, uppbyggingu eða staðsetningu.

**Country of Nationality/Þjóðland:** Það land sem **þú** hefur útgefið vegabréf frá.

**Country of Residence/ Búsetuland:** Það land sem **þú** býrð í þegar tryggingin **tekur gildi** eða býrð í þegar að **endurnýjun** tryggingar tekur gildi.

**D Date of Entry/Upphafsdagsetning:** Dagsetning á vátryggingarskírteini sem sýnir frá hvaða degi hinn vátryggði var fyrst vátryggður samkvæmt tryggingunni.

**Day-Patient/Dagsjúklingur:** **Vátryggður** sem er lagður inn á **sjúkrahús** en dvelur ekki yfir nótt á **sjúkrahúsinu**.

**Dependants/ Á framfæri vátryggðs:** Maki eða fullorðinn sambúðaraðili og/eða ógift börn, stjúpbörn, löglega ættleidd börn og fósturbörn sem eru undir 21 árs aldri, sem búa að staðaldri hjá **þér** eða stunda fullt nám. Börn eru tryggð frá fæðingu að því tilskyldu að tilkynning um fæðingu þeirra berist **okkur** inna 30 daga frá fæðingunni. Tilkynningar sem eru sendar eftir þann tíma hafa það í för með sér að börnin eru tryggð frá þeim tíma sem tilkynningin berst.

**Evacuation/Brotflutningur:** Flutningskostnaður vegna flutnings hins vátryggða til næsta tiltæka sjúkrahúss til að hægt sé að veita honum meðferð sem innlagður sjúklingur vegna sjúkdóms sem ekki er hægt að meðhöndla á fullnægjandi hátt þar sem atvikið átti sér stað.

**F Foetal Surgery/Skurðaðgerð á fóstri:** Meðferð sem veitt er eða aðgerð sem gerð er á fóstri í móðurkviði.

**H Hospital/Sjúkrahús:** Stofnun sem hefur löggilt leyfi sem lyflækninga- eða skurðaðgerðasjúkrahús samkvæmt lögum þess lands sem það er staðsett í.

**I In-patient/Innlagður sjúklingur:** Vátryggður sem talið er að sé nauðsynlegt að leggja inn á sjúkrahús vegna sjúkdóms og þarf að dveljast þar í eina eða fleiri nætur.

**Insured Person/You/Your/ Vátryggður/ þú/ þínir:** Þú og/eða þeir sem eru á framfæri þínu og eru tilgreindir á tryggingarskírteininu eru þeir sem eru vátryggðir samkvæmt þessari tryggingu.

**Intensive Care/Gjörgæsla:** Meðferð á skilgreindri gjörgæsludeild, gjörgæslumeðferðardeild, deild þar sem sjúklingar eru mjög háðir meðferð eða á hjartadeild þar sem veitt er stöðugt eftirlit eftir skurðagerð eða veikindi.

**M Medical Condition/Sjúkratilfelli:** Öll slys, áverkar, veikindi eða sjúkdómar, þar með taldir geðsjúkdómar.

**Medical Practitioner/Læknir:** Almennur læknir með læknaleyfi sem hefur grunngráðu í læknisfræði eða skurðlækningum eins og skilgreint er samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og sem hefur löggildingu til að starfa í því landi þar sem meðferð er veitt.

**Medication/Lyf:** Lyf, meðöl, stuðningur sem og tæki og leiðréttandi búnaður (þar með talinn gervibúnaður þegar hann er notaður sem óaðskiljanlegur hluti skurðargerðar) sem ávísaður er af **almennum lækni** eða **sérfræðingi**.

**O Organ Transplant/Líffæraflutningur:** Skurðaðgerð til að framkvæma líffæraflutning.

**Out-Patient/Göngudeildarsjúklingur:** Vátryggður sem fær **meðferð** á viðurkenndri sjúkrastofnun en þarf ekki að vera innlagður í **sjúkrarúm**.

**P Palliative Treatment/Líknandi meðferð:** Meðferð sem veitt er hinum vátryggða þar sem megingilgangurinn er að veita aðeins tímabundinn létti frá sjúkdómseinkennum, frekar en að lækna sjúkdóminn sem veldur sjúkdómseinkennum.

**Pathology/Meinafræði:** Prófanir sem gerðar eru til að ákvarða eða meta eðli sjúkdóms og breytingar á þeirri skipan og starfsemi líkamans sem sjúkdómur veldur.

**Period of Cover/each year/Vátryggingartímabil/ár hvert:** Sá tími sem vátryggingin gildir. Þetta er tilgreint á **vátryggingarskírteininu**. Þetta er venjulega tólf (12) mánaða tímabil sem hefst á **upphafsdegi** eða **endurnýjunnardegi**.

**Physician/Læknir:** Læknir sem er skráður og hefur tilskilin leyfi til að starfa sem læknir í því landi sem **meðferð** er veitt.

**Physiotherapist/Sjúkrapjálfi:** Starfandi **sjúkrapjálfi** sem er skráður og hefur tilskilin leyfi til að starfa sem slíkur í því landi þar sem **meðferð** er veitt.

**Policy/Vátryggingarsamningur:** Samningur þar sem einstök atriði varðandi vátrygginguna eru tilgreind. Umsóknareyðublaðið, tryggingarskírteinið og þessir skilmálar sem innifela skilmála og skilyrði tryggingarinnar eru allt hlutar samningsins.

**Policy excess/Eigin áhætta:** Sú tilgreinda fjárhæð sem hinn vátryggði greiðir sjálfur áður en til bótagreiðslu kemur samkvæmt þessari tryggingu.

**Policyholder/vátryggingarhafi:** Þær persónur eða þau fyrirtæki sem vátryggingarsamningur hefur verið gerður við og eru helstu ábyrgðaraðilar hvað varðar greiðslur iðgjalda.

**Psychiatric Illness/Geðsjúkdómur: Meðferð** vegna geðsjúkdóms, taugasjúkdóms eða átröskunnar sem veitt er af klínískum sálfræðingi. Sjúkdómurinn verður að vera í tengslum við núverandi veikindi, eða um verður að vera að ræða umtalsverða skerðingu á möguleikum einstaklingsins til að virka á meginsviðum lífsins (t.d. hvað varðar atvinnu). Fyrrgreint ástand verður að vera klínískt séð marktækt en ekki eingöngu áætluð viðbrögð við einstökum atvikum eins og til dæmis ástvinamissi, vandamálum vegna sambúðar eða vegna skólagöngu eða menningaraðlögunnar. Sjúkdómurinn verður að falla undir skilgreiningu samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi eins og “*Diagnostic*” og “*Statistical Manual*” (DMSD-IV) eða samkvæmt “*International Classification of Diseases*” (ICD-10).

**Q Qualified Nurse/Hjúkrunarfræðingur:** Hjúkrunarfræðingur sem er skráður í hjúkrunarfræðingaskrá sem haldin er af lögboðinni skráningarstofnun í því landi sem meðferð fer fram.

**R Rehabilitation/Endurhæfing:** Meðferð sem veitt er með það fyrir augum að endurheimta heilsu og hreyfigetu eftir áverka eða veikindi að því marki að hinn váttryggði geti séð um sig sjálfur.

**Renewal Date/Endurnýjunardagsetning:** er árleg dagsetning á fyrsta degi þess mánaðar sem upphafsdagsetning var innan.

**Repatriation/Heimsending:** Flutningskostnaður váttryggðs aðila til þjóðlands síns eða búsetulands til meðferðar vegna slyss eða sjúkdóms sem ekki er hægt að veita viðeigandi meðferð við á staðnum þar sem atvikið átti sér stað.

**S Specialist/Sérfræðingur: Læknir** sem veitir óháð sérfræðingsviðtöl í viðkomandi sérgrein á ríkisreknu sjúkrahúsi, eða veitir óháð sérfræðingsviðtöl sem við samþykkingu að jafngildi sérgrein, eða hann sé viðurkenndur sem slíkur af löggildum stofnunum í viðkomandi landi þar sem meðferðin er veitt.

**T Treatment/Meðferð:** Allar skurðaðgerðir sem þykja nauðsynlegar út frá læknisfræðilegu sjónamiði eða læknisfræðilegt inngríp sem nauðsyn þykir að framkvæma til að lækna eða lina þjáningar vegna bráðs sjúkleika.

**W We/our/Us/Við/okkar/okkur:** Hagall, Árni Reynisson ehf. fyrir hönd tilgreindra váttryggjenda hjá Lloyd’s eins og segir í váttryggingarskírteini.

Þessi samningur veitir tryggingu fyrir eftirfarandi bótagreiðslum vegna **meðferðar** sem er veitt **vátryggðum aðila** vegna **sjúkratilfelli** á meðan **tryggingin er í gildi**. Allar bætur, þar með taldar fullar endurgreiðslur eru bundnar þeim skilyrðum að allur kostnaður sé sanngjarn og samkvæmt venju.

Hámarks vátryggingarfjárhæð.

Hámarks vátryggignarfjárhæð er hæsta greiðsla sem **við** munum greiða fyrir hvern einstakan **vátryggðan aðila** á hverju **vátryggingartímabili**, hámarkið er ISK 95.000.000.

Hámarksvátryggingarfjárhæð og allar takmarkanir á bótafjárhæðum ákvarðast af gengi þess gjaldmiðils sem þú hefur kosið að greiða **iðgjöldin** í.

Vátryggingin:

Meðferð sem innlagður sjúklingur & dagsjúklingur

(meðferð sem hinum vátryggða er veitt þegar hann er lagður inn á sjúkrahús yfir eina eða fleiri nætur eða sem dagsjúklingur)

Gjöld vegna sérfræðiaðstoðar

Gjöld **sérfræðinga og lækna**

(þar með talin gjöld skurðlækna og svæfingarlækna) sem tengjast ráðgjöf eða **meðferð**.

Greidd að fullu

Sjúkrahúslega

Innlögn á **sjúkrahús** á deild, í sérbýli að hluta eða í einkaherbergi.

Greidd að fullu

Greiningar

Greiningarferli, þar með talin röntgenmyndataka, **meinafræði**, sneiðmyndataka með tölvutækni og segulómun (heila-og líkamsskönnun).

Greidd að fullu

Skurðstofugjöld

Gjöld vegna skurðstofu.

Greidd að fullu

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun, þegar hún reynist nauðsynleg vegna sjúkdóms og mælt er með henni af **sérfræðingi** í framhaldi af útskrift af **sjúkrahúsi**.

Greidd að fullu

**Lyfjagjöf**

Lyf, meðöl, stuðningur og tæki þegar þau hafa verið ávísuð af sérfræðingi eða lækni.

Greidd að fullu

**Langvinnir** sjúkdómar

**Bráðatilfelli** vegna langvinnra sjúkdóma

Greidd að fullu

Æxlafræði

Gjöld sérfræðings í æxlafræði, geilsameðferð og lyfjagjöf

Greidd að fullu

## Líffæraflutningar

Flutningur á hvaða líffæri mannsins sem er.

ISK 12.500.000

Hámark á ævi  
vátryggðs aðila

Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfun þegar mælt hefur verið með slíkri **meðferð** af **sérfræðingi** og hún er veitt á meðan á **sjúkrahúsdvöl** stendur.

Greidd að fullu

Flutningur

Gjöld vegna sjúkrabifreiðar til flutnings á sjúkrahús, eða gjöld í tengslum við aðrar flutningaleiðir ef sjúkrabifreið á ekki við.

Greidd að fullu

Fegrunaraðgerðir

Fegrunaraðgerðir sem reynast nauðsynlegar í kjölfar **slyss** eða eftir skurðaðgerð vegna bótaskylds **sjúkdóms** sem hefur reynst nauðsynlegt að framkvæma eftir að **trygging tók gildi** og sem var framkvæmt innan 12 mánaða frá **slysinu** eða skurðaðgerðinni.

Greidd að fullu

## Geðsjúkdómar

**Meðferð** sem veitt er á viðurkenndri geðdeild **sjúkrahúss**.

Allar **meðferðir** samkvæmt þessum bótaskyldu verða að hjóta samþykki **okkar** fyrirfram.

Takmarkað við 30  
daga á ári

Bótagreiðsla í reiðufé

Þar sem **sjúkrahúsvist** og allur kostnaður vegna **meðferðar** er veittur af ríkissjúkrahúsi eða sjúkrahúsi reknu af **góðgerðarfélagum** og engin bótaskylda hefur verið lögð fram samkvæmt þessari **tryggingu** vegna endurgreiðslu neinna gjalda og að því tilskyldu að **sjúkdómurinn** sem um ræðir falli undir skilmála tryggingarinnar

ISK 12.500 á nótt  
að hámarki 30 nætur

Neyðarmeðferð utan **gildissvæðis tryggingarinnar**

Meðferð (veitt af lækni, heimilislækni eða sérfræðingi, sem hefst inni 24 stunda frá neyðartilvikinu) sem er nauðsynleg vegna slyss eða skyndilegs upphafs eða elunnar alvarlegra veikinda og veldur því að sjúkdómurinn þarfnast tafarlausrar meðferðar vegna heilsu hins vátryggða.

Vegna ferða að  
hámarki 6 vikur  
Hámark 42 nætur  
á ári. Hámarks-  
greiðsla er  
ISK 3.750.000

(**Meðferð** sem fengin er á viðurkenndri læknastofu en án innlagnar á **sjúkrahús**) háð skilyrðum um að heildargreiðsla vegna **göngudeildarsjúklings** sé ISK 625.000 og heildarhámark **tryggingarinnar** sé ISK 95.000.000

Greiðsla vegna sérfræðiaðstoðar

Gjöld **lækna** og **sérfræðinga** vegna ráðlegginga og rannsókna.

Endurgreiðsla innan  
heildarmarks fyrir  
**göngudeildarsjúkling**

### Greiningar

Greiningarferli, þar með talið röntgenmyndataka, meinafræði, tölvustýrð sneiðmyndataka og segulómun (heila- og líkamsskönnun).

Endurgreiðsla innan heildarmarks fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Skurðaðgerðir

Minni háttar skurðaðgerðir þegar þær eru framkvæmdar af lækni eða sérfræðingi

Endurgreiðsla innan heildarmarks fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Lyfjagjöf

Lyf, meðöl, stuðningur og tæki sem ávísuð eru af lækni eða sérfræðingi

Endurgreiðsla innan heildarmarks fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Langvinnir sjúkdómar

Bráðatilfelli vegna langvinnisjúkdóms.

Endurgreiðsla innan heildarmarks fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Æxlafræði

Gjöld æxlafræðings, geilsameðferð og lyfjameðferð. Aukið gildissvið sem innifelur akstur sjúkrabifreiðar til flutninga til og frá **göngudeild** sjúkrahúss þar sem þessi sértæka **meðferð** fer fram.

Full endurgreiðsla innan heildarmarka tryggingar

### Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfun sem mælt er með af **lækni** eða **sérfræðingi**

Takmarkast við ISK 62.500 á ári innan heildarmarka fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Fótaaðgerðir

Takmarkast við ISK 31.250 á ári innan heildarmarka fyrir **göngudeildarsjúkling**

### Óhefðbundin meðferð

Kínverskar jurtaalækningar og meðferð veitt af skráðum kínverskum jurtaalækni, kírópraktor, skekkjulækni, smáskammtalækni, nálastungulækni, næringarfræðingi (takmarkast við 1 heimsókn á ári) og fótaaðgerðafræðingi (takmarkast við 2 heimsóknir á ári) þegar mælt hefur verið með slíku af lækni eða sérfræðingi

Takmarkað við ISK 62.500 á ári innan heildarmarka fyrir **göngudeildarsjúkling**

## Brotflutningur & heimsending (VALKVÆÐAR BÆTUR)

(aðeins vegna sjúkdóma sem þarfnast innlagnar á sjúkrahús)

### Brotflutningur

Kostnaður vegna flutnings **vátryggðs aðila** (og eins annars ættingja/vinnufélaga sem fylgdaraðila) til næstu viðeigandi lækniþjónustu til **meðferðar** vegna **slyss** eða **sjúkdóms** sem **fellur undir tryggingu hins vátryggða** og sem ekki er mögulegt að meðhöndla á viðunandi hátt á staðnum eða á því svæði þar sem atvikið átti sér stað

Greitt að fullu

Flutningsaðferð skal vera samkvæmt ákvörðun þess fyrirtækis sem aðstoðina veitir

### Í kjölfar brotflutnings

Hótelgisting fyrir fylgdarmann og fyrir hinn vátryggða þegar þess gerist þörf fyrir og eftir sjúkrahúsvist. Flug til baka (almennt farrými) fyrir hinn vátryggða og fylgdarmann.

ISK 9.500 á dag fyrir hvorn aðila. Full endurgreiðsla

### Heimsending

Kostnaður vegna flutnings hins **vátryggða** (og eins annars ættingja/vinnufélaga sem ferðast sem fylgdarmaður) til **þjóðlands** þeirra eða **búsetulands** til **meðferðar** eftir **slyss** eða vegna **sjúkdóms** sem ekki er hægt að meðhöndla á viðeigandi hátt á staðnum eða á því svæði sem atvikið átti sér stað.

Greitt að fullu

Flutningsaðferð er ákvörðuð af því fyrirtæki sem sér um flutninginn. (Ef **þjóðland** eða **búsetuland** er utan landfræðilegs gildissvæðis tryggingarinnar, kemur kostnaður vegna **meðferðar** ekki til álita).

### Líkamsleifar

Kostnaður vegna greftrunnar eða brennslu í því landi sem andlátíð átti sér stað

Eða flutningur líkamsleifa eða ösku til þjóðlands eða búsetulands. Hámark ISK 625.000



## Almenn undantekningarákvæði

Þessar undantekningar eiga við trygginguna í heild sinni.

1. Allir sjúkdómar eða tengdir sjúkdómar sem þú hefur fengið meðferð við, haft einkenni af (hvort sem það hefur verið rannsakað eða ekki) eða leitað ráða vegna áður en trygging þín tók gildi (sjúkdómur sem er þegar fyrir hendi)

Eigi að síður falla öll fyrri sjúkdómstilfelli undir bótaskyldu eftir að þú hefur verið váttryggður í 2 ár, að því tilskyldu að þú hafir ekki:

- a. Ráðfært þig við lækni eða sérfræðing varðandi meðferð eða ráðgjöf; eða
  - b. fengið sjúkdómseinkenni; eða
  - c. tekið lyf (þar með talin lyf, meðöl, sérstakt matarræði eða sprautur) vegna sjúkdómsins í samfelldan tíma sem nær yfir tveggja ára skeið eftir að tryggingin tekur gildi.
2. Meðferð sem læknir þinn telur vera venjubundna þjónustu eða **líknandi meðferð** vegna **langvinnis** sjúkdóms.
  3. **Eigin áhætta** sem er skilgreind í **tryggingarskírteini** fyrir allan tilfallinn kostnað fyrir hvern **váttryggðan aðila** á hverja **tryggingu** á ári. **Eigin áhætta** á ekki við um tannlækningar eða **brottflutning/heimflutning** ef það er innifalið.
  4. Allur kostnaður í tengslum við lækningarmeðferð eða eftirlit sem ekki er neyðartilfelli utan gildissvæðis tryggingarinnar, jafnvel þó hinn váttryggði sé talinn ófær um að ferðast til lands innan gildissvæðis tryggingarinnar.
  5. Allur kostnaður sem til fellur vegna leitar að gjafalíffæri, brotnáms líffærisins frá líffæragjafanum, og flutningskostnaðar og allur kostnaður vegna **stjórnsýslukostnaðar** vegna **líffæraflutninganna**.
  6. Kostnaður vegna útvegunnar eða uppsetningar á hvers kyns ytri gervibúnaði, leiðréttingartækjum eða búnaði
  7. **Óhefðbundin meðferð**, önnur en meðferð sem veitt er af skráðum kírópraktor, skekkjulækni, smáskammtalækni, nálastungulækni og kínverskum jurtaalækni sem mælt hefur verið með af **lækni** eða **sérfræðingi**.
  8. Öll auka álit eða síðari álit frá læknum eða **sérfræðingum** vegna sama **sjúkdóms**.
  9. Allur kostnaður í tengslum við þungun eða barnsfæðingu eða vegna hvaða sjúkdóms sem vera kann í tengslum við það, þar með talin fóstureyðing án læknisfræðilegrar ástæðu, valkvæður keisaraskurður, skurðaðgerð á fósttri, fæðingaráverkar eða meðfædd frávik.
  10. Tilrauna- eða ósamþykktar meðferðir, án tillits til þess hvort þær hafi hlotið lækisfræðileg meðmæli eða verið ávísað.

11. Fegrandi **meðferð** vegna offitu, brottnáms fitu eða annarra umframvefja af hvaða hluta líkamans sem er, hvort sem um er að ræða af læknisfræðilegum eða sálrænum ástæðum, og kostnaður vegna allra tengdra **meðferða** sem eru afleiðingar slíkra **meðferða**.
12. Reglubundin læknisskoðun, þar með talin skoðun hjá kvensjúkdómalækni og prófanir, ónæmissætningar, bólusetningar og önnur fyrirbyggjandi læknismeðferð. Venjubundið augnpróf og útvegum sjóntækja, venjubundið heyrnarpróf og útvegum heyrnartækja.
13. **Meðferð** til að breyta sjónlagi annars eða beggja augna (leiseraðgerð) þar með talin sjónlagsaðgerð með glæruúrnámi (RK) og sjónlagsaðgerð án glæruúrnáms (PRK)
14. **Meðferð** fengin í heilsulindum, náttúrulækningastofum, heilsuhælum eða öðrum svipuðum stofnunum eða einkastofum sem skráðar eru sem hjúkrunarheimili tengd slíkri starfsemi eða sjúkrahúsi þar sem sjúkrahúsið er orðið heimili hins váttryggða eða varanlegur dvalarstaður eða þegar innlögn hefur verið komið í kring algjörlega eða að hluta til vegna heimilisaðstæðna.
15. Allur kostnaður vegna **endurhæfingar**.
16. Rannsóknir, sjúkdómsgreiningar og meðferðir beint eða óbeint í tengslum við getnaðarvarnir karla eða kvenna, ófrjósemi og allar aðferðir til tæknifrjóvgunnar.
17. Rannsóknir, sjúkdómsgreiningar og **meðferðir** vegna ófrjósemi eða afleiðingum hennar, **meðferðir** vegna ófrjósemisaðgerða eða frjósemisaðgerða, sáðrásarrofsaðgerða eða annarra atriða tengdum getnaði eða kynskiptaaðgerðum.
18. **Meðferðir** vegna hormónaskipta (HRT) eða beinþéttingar.
19. **Meðferð** nýfædds barns ef fæðing á sér stað innan 37. viku meðgöngutíma.
20. Allur kostnaður vegna **tannlækninga**.
21. **Meðferð** beint eða óbeint í tengslum við kynsjúkdóma.
22. **Meðferð** í kjölfar hvers kyns aðferða við tilraun til sjálfsvígs eða hvers kyns áverka sem viðkomandi hefur viljandi veitt sjálfum sér.
23. **Meðferð** vegna fíknar eða vegna ofnotkunnar áfengis, eiturlyfja eða allra annarra vanabindandi efna eða sem stafa óbeint af slíkri ofnotkun eða fíkn.
24. **Meðferð** á göngudeild vegna geðsjúkdóms eða andlegs sjúkdóms af hvaða toga sem er.
25. Umönnun og **meðferð** vegna allra námsörðugleika eða þroksafrávik hjá börnum, ofvirkni, athyglisbrests og hegðunarvandamála.
26. **Meðferð** vegna frystingar, ígræðslu eða endurígræðslu fruma eða lifandi vefja, hvort sem þeir eru teknir frá viðkomandi sjálfum eða fengnir hjá gjafa.

27. **Meðferð** sem þörf er á beint eða óbeint í tengslum við eða sem afleiðing af stríðsátökum, innrásum, vegna aðgerða erlendra óvinveittra aðila (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), vegna borgarastríðs, uppreisnar, byltingar, eða vegna hernaðaraðgerða, valdaráns, uppreisnar á skipi, óeirða, verkfalls, herlaga eða vegna umsátursástands eða tilrauna til að steypa ríkisstjórn eða vegna hvers kyns hryðjuverka, nema hinn váttryggði fái líkamsáverka þar sem hann er saklaus sjónarvottur.
28. **Meðferð** við sjúkdómi sem er tilkominn beint eða óbeint vegna afleiðinga efnamengunar eða mengunar vegna geilsvirkni frá hvers konar kjarnorkuúrgangi eða vegna brennslu kjarnorkueldsneytis, eða vegna mengunar frá asbesti eða tengdum sjúkdómum.
29. **Meðferð** þegar hún er veitt af **lækni** eða **sérfræðingi** sem er á einhvern hátt tengdur hinum váttryggða.
30. **Meðferðarkostnaður** sem er til kominn utan við gildistíma tryggingaverndarinnar af hvaða ástæðu sem það er, þar með talið ef trygging hefur ekki verið endurvakin eða vegna ógöldinna iðgjalda.
31. Allur kostnaður sem ekki er tilkominn vegna skráningar sem **dagsjúklingur**, **innlagður sjúklingur** eða **göngudeildasjúklingur** á sjúkrahúsi eða viðurkenndum lækningastofnunum.
32. Kostnaður í tengslum við glæpsamlegt athæfi.
33. Kostnaður beint eða óbeint í tengslum við það að beitt er gjöreyðingarvopnum, hvort sem um er að ræða afleiðingar sprenginga eða ekki.
34. Kostnaður og útgjöld sem eru tilkomin vegna þess að hinn váttryggði hefur ferðast þrátt fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar um hið gangstæða.
35. Allur kostnaður í tengslum við **brotflutning & heimflutning** nema sá möguleiki hafi verið innifalinn samkvæmt tryggingunni.
36. Allur kostnaður til kominn utan **gildissvæðis tryggingarinnar**, nema sá sem er innifalinn vegna kostnaðar við neyðarmeðferð samkvæmt ákvæði um bætur vegna **innlagðs sjúklings** eða **dagsjúklings**.
37. Allar **meðferðir** vegna fótisnyrtingar, bæklunarskófatnaðar þar með talið en ekki einskorðað við skófatnað til réttingar, hjálparefni keypt fjarri öllum birgðalindum þar með talið en ekki takmarkað við líkþornaplástur, innlegg, sárabindi o.s.frv.
38. Fæðingaráverkar eða meðfædd frávik.

## Undanskilið vegna brottflutnings & heimflutnings

Ef **brottflutningur & heimflutningur** eru innifalin eiga efirtaldar undantekningar við til viðbótar almennum undantekningum á bls 6 & 7.

**Við** tryggjum ekki eftirfarandi:

1. Kostnað vegna ferðar og gistingar sem henni fylgir nema **við** höfum sérstaklega samþykkt hann skriflega fyrir ferðina, eða hann verið samþykktur af viðurkenndu félagi sem hefur verið tilnefnt til aðstoðar. Allur kostnaður sem er til kominn án þess að við höfum samþykkt hann fyrirfram verður ekki endurgreiddur.
2. Kostnaður vegna flugmiða sem ekki eru á almennu farrými, nema **við** höfum veitt skriflegt samþykki um annað fyrir brottfarardag.
3. Kostnaður vegna greftrunnar eða brennslu innifelur ekki kostnað vegna trúarlegs fagaðila, blómaskreytinga, tónlistaratriða eða vegna matar eða drykkjar.
4. Allur kostnaður sem fellur til þegar andlát ber að höndum innan **þjóðlands** hins **vátryggða**.

## Almennir skilmálar

Þessir skilmálar eiga við alla hluta þessarar tryggingar.

### 1. Gildistími **tryggingarinnar**

Þessi **trygging** er árssamningur og gildir í tólf mánuði frá **dagsetningu gildistöku**.

Hægt er að endurnýja samninginn **ár hvert**, á **endurnýjunnardegi**, samkvæmt skilmálum tryggingarinnar og þeim skilyrðum og iðgjöldum sem gilda á þeim tíma og er tilkynnt um þegar **þér** er boðið að endurnýja trygginguna.

### 2. Greiðsla iðgjalda

Iðgjöld má greiða ársfjórðungslega, mánaðarlega eða árlega og þurfa þau að greiðast fyrir dagsetningu **gildistöku** eða endurnýjunndagsetningu. Eigi að síður **ertu** ábyrgur fyrir greiðslu ársiðgjaldsins, þó **við** höfum samþykkt að **þú** megir skipta greiðslum, þar sem **tryggingin þín** er byggð á árssamningi. Ef brestur verður á að þessi skilyrði séu uppfyllt mun það valda sjálfkrafa uppsögn á tryggingu **þinni**. Endurnýjun ábyrgðar tryggingarinnar í kjölfarið er háð nýrri umsókn samkvæmt almennum skilmálum 1 með gildistöku frá dagsetningu endurnýjunnar. Enginn **vátryggður aðili** hefur sjálfkrafa rétt til að halda áfram gildandi vátryggingu hjá okkur.

### 3. Skattar

**Við** áskiljum okkur rétt til að endurspeglar allar breytingar á sköttum á iðgjöld eða álögur sem á **okkur** kunna að verða lagðar.

### 4. Breytingar

Á hverjum **endurnýjunnardegi**, áskiljum **við** okkur rétt til að breyta eða hætta greiðslu bóta eða breyta skilmálum, skilyrðum og iðgjöldum þessarar tryggingar og munum **við** tilkynna **þér** slíkar breytingar að minnsta kosti einum mánuði fyrir **endurnýjunndagsetninguna** á síðasta þekkta heimilisfang þitt. Ef þú móttekur ekki tilkynninguna af hvaða ástæðu sem er mun það ekki ógilda breytingarnar.

### 5. Breyting á áhættu

**Vátryggingartaki** verður að láta okkur vita eins fljótt og mögulegt er um allar grundvallarbreytingar varðandi hinn vátryggða samkvæmt þessari **tryggingu**, sem gætu haft áhrif á þær upplýsingar sem gefnar voru varðandi upphaflegu trygginguna. Þetta innifelur allar upplýsingar sem skráðar eru á umsóknareyðublaðið og gætu hafa breyst fyrir **gildistöku tryggingarinnar**.

### 6. Uppsagnir

Þrátt fyrir að **við** munum ekki segja **tryggingunni** upp þó að gild bótakrafa berist frá hinum **vátryggða**, getum við hvenær sem er ógilt **trygginguna** ef hinn **vátryggði** hefur:

- a. blekkt **okkur** með villandi yfirlýsingum; eða
- b. lagt fram bótakröfu sem er fölsuð eða svikin, eða ef sviksamlegu athæfi hefur verið beitt af hinum vátryggða eða einhverjum sem kemur fram fyrir hans hönd til að fá bætur greiddar samkvæmt þessari tryggingu.

Undir slíkum kringumstæðum, verður váttryggingin gerð ógild frá upphafi, án þess að iðgjöld verði endurgreidd. Hinn **váttryggði** getur sagt **tryggingunni** upp með því að tilkynna **okkur** skriflega innan 14 daga frá **gildisdagsetningu**, og ef engin bótakrafa hefur verið gerð verður iðgjald endurgreitt að fullu. Ef bótakrafa hefur hins vegar verið lögð fram innan 14 daga frá **gildistöku** munum **við** endurkrefja kostnað vegna þeirrar þjónustu sem **þér** hefur verið veitt.

Ef tryggingunni er sagt upp af hinum **váttryggða** á hvaða tíma sem er öðrum en innan 14 daga frá **gildistöku**, kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalda.

7. Gildandi lög  
Þessi **trygging** fellur undir lög Englands og Wales og eingöngu breskir dómstólar hafa lögsögu varðandi allar deilur sem kunna að rísa, nema öðruvísi hafi verið samið um milli **þín** og **okkar** eða þess sé krafist samkvæmt ófrávíkjandi lögum.
8. Aðrar tryggingar  
Ef það er einhver önnur **váttrygging** sem tryggir þig fyrir einhverjum sömu bótaskyldum atvikum og bótaskyld eru samkvæmt þessari tryggingu, verður **þú** að láta vita eða tryggja að viðeigandi **váttryggður aðili** upplýsi **okkur** um hið sama. **Við** erum ekki bótaskyldir eða þurfum að leggja meira fram en matshlutfall **okkar** segir til um.
9. Undantekning vegna rafrænnrar færslu dagsetninga (EDRE)  
Þessi **trygging** tekur ekki til neins taps, skemmda, kostnaðar, bótakrafna eða útgjalda, hvort sem þau eru fyrirbyggjandi, bætandi eða annað, ef rekja má beint eða óbeint til útreikninga, samanburðar, mismununar, afleiðingar eða vinnslu gagna sem innifela breytingu dagsetninga á árinu, eða annarra breytinga á gögnum, lagfæringar eða breytingar þar með talið vegna hlaupárs, útreikninga hvaða tölvukerfis sem er, vélbúnaðarkerfis eða hugbúnaðar og/eða örflaga, innbyggðra rása eða samskonar búnaðar í tölvubúnaði eða ótölvutengdum búnaði hvort sem hann er í eigu hins **váttryggða** eða ekki.
10. Breyting á váttryggingarfjárhæð **þinni**  
**Þú** getur breytt valkvæðum bótum **þínum** ásamt fjárhæð eigin áhættu og gjaldmiðli sem iðgjöldin eru greidd í á hverjum endurnýjunardegi.

Vinsamlega fylgið eftirfarandi leiðbeiningum fyrir neðan til að aðstoða okkur við að vinna bótakröfur ykkar fljótt og af skilvirkni.

#### VÁTTRYGGINGARSKÍRTEINI

Meðal gagna í skjalamöppu sem þú fékkst vegna **tryggingar** þinnar finnur **þú** **váttryggingarskírteini** sem segir **þér** hvaða tryggingu **þú** hefur valið, hver sé tryggður samkvæmt **tryggingunni**, hvaða bætur þú hefur valið og hver sé eigin áhætta þín. Einnig er tekið fram ef þar eru einhverjir sérskilmálar sem eiga við um samninginn **þinn**.

#### MEÐLIMAKORT

**Við** gefum einnig út meðlimakort til allra **váttryggðra aðila**, sem veitir mikilvægar upplýsingar varðandi símanúmer og heimilsfang okkar. Þetta þýðir að **þú** og fjölskylda **þín** þurfið aðeins að hringja eitt símtal til að fá aðstoð. **Við** mælum með að **þú** hafir þetta kort alltaf á **þér**.

## EYÐUBLAÐ VEGNA BÓTAKRÖFU

Inni í skjalamöppunni þinni sem þú fékkst með **tryggingunni** finnur **þú** eyðublað vegna bótakröfu af læknsifræðilegum ástæðum og viðbótareyðublað vegna bótakröfu. Eyðublað vegna tannlæknis**meðferðar** hefur líka verið hjálagað ef þú hefur kosið þær bætur.

Á eyðublöðunum fyrir bótakröfuna og á meðlimakortinu **þínu** eru símanúmer og heimilisfang tjónadeildar okkar, eins og hér segir:

Speciality Assistance Europe  
5-11 Lavington Street  
London SE1 0NZ  
Sími +44 20 7902 7405  
Fax: +44 20 7407 9206  
Tölvupóstfang: [assistance@speciality-group.com](mailto:assistance@speciality-group.com)

Allar bótakröfur á að senda til **okkar** ásamt eyðublaði vegna bótakröfu útfylltu að fullu, frumriti reikninga og kvittana ásamt öllum öðrum gögnum til stuðnings kröfunni innan sex mánaða frá lokum **gildistíma tryggingarinnar**.

Áður en þú leggur fram bótakröfu, er mikilvægt að ganga úr skugga um að trygging þín veiti vernd varðandi þá meðferð sem þú ert að sækja bætur fyrir (t.d. brottflutning & heimflutning o.s.frv.)

Starfsfólk hjálparlínu **okkar** svarar góðfúslega öllum spurningum sem þú hefur. ( Sjá símanúmer fyrir ofan eða meðlimakort **þitt**).

## FYRIRHUGUÐ INNLÖGN Á SJÚKRAHÚS & MEÐFERÐ SEM DAGSJÚKLINGUR

Ef um er að ræða fyrirhugaða innlögn á **sjúkrahús**, munum **við** ganga frá beinni greiðslu til þeirra sem meðferðina veita þar sem það er mögulegt. **Þú** ert beðinn um að hafa samband við okkur að minnsta kosti FIMM DÖGUM fyrir innlögn svo **við** getum haft samband við **sjúkrahúsið** til að koma í kring árekstralausri innlögn og tryggja beina greiðslu. Þetta ferli tryggir að **sjúkrahúsvist** þín verði áhyggjulaus hvað varðar fjármálahlíðina, sem veitir **þér** svigrúm til að einbeita þér að bata þínum.

Vinsamlega taktu eftir, að án nægs viðvörunartíma og nauðsynlegra læknsifræðilegra upplýsinga, getum **við** ekki tryggt að við getum komið í kring beinni greiðslu.

## NEYÐARINNLÖGN

Til að tryggja að **þú**, eða annar **vátryggður aðili**, fái fyrsta flokks þjónustu og aðstoð, ættir **þú** að hafa samband við okkur eins fljótt og mögulegt er eftir innlögn, helst innan 48 stunda.

## MEÐFERÐ VEITT Á GÖNGUDEILD

Meðferð á göngudeild er venjulega greidd af sjúklingi um leið og hann fær meðferðina og kostnaðurinn er síðan endurkrafin frá okkur.

**Við** mælum með eftirfarandi skrefum við gerð bótakröfu vegna meðferðar á göngudeild:

- Alltaf þegar **þú** ferð til **heimilislæknis, læknis** eða **sérfræðings** sem **göngudeildarsjúklingur**, hafði þá eyðublaðið vegna bótakröfu með **þér**.
- Fylltu út hlutann sem snýr að **þér**, dagsettu síðan og undirritaðu eyðublaðið. Gangtu úr skugga um að **heimilislæknir, læknir** eða **sérfræðingur** þinn veiti

- allar viðeigandi upplýsingar í sértæka hlutanum og dagsetji síðan, undirriti og stimpli eyðublaðið.
- Sendu meðferðis öll frumrit stoðgagna, reikninga og kvittanir og heftu þau við eyðublaðið vegna bótkröfu (t.d reikning frá **heimilislækni / lækni**, kvittanir frá lyfjaverslunum fyrir viðeigandi lyfjum (ef þær eru til), og sendu þetta í pósti til tónadeildarinnar. Ef um er að ræða **sjúkrabjálfun** og **óhefðbundnar meðferðir** þar sem **meðferð** er háð meðmælum frá **lækni**, verður **læknirinn** að fylla út læknisvottorðið á eyðublaðinu fyrir bótkröfu.
- Ef upphæðin sem gera á bótkröfu fyrir er minni en eigin áhættan samkvæmt tryggingu þinni (sem á aðeins við um meðferð fyrir dag-og göngudeildarsjúklinga) mundu þá eftir að geyma eyðublaðið vegna bótkröfu og reikninga vegna kostnaðar fyrir meðferð fyrir hvern sjúkdóm-ekki eyðileggja þá eða henda þeim. Vinsamlega safnaðu saman öllum kvittunum vegna meðferðar á göngudeild þar til þú hefur náð þeirri upphæð sem er umfram eign áhættu samkvæmt tryggingunni. Sendu okkur svo útfyllt eyðublaðið vegna bótkröfu ásamt frumritum af reikningum/kvittunum.

#### Aðstoð & ferli bótkröfu

- Mundu að sérstakt eyðublað fyrir bótkröfu þarf fyrir hvern einstakling sem er að gera bótkröfu og fyrir hvern sjúkdóm.
- Takið fram á eyðublaðinu í hvaða gjaldmiðli **þið** viljið fá greitt, öðrum kosti verða bæturnar sem **þú** átt rétt á greiddar í þeim gjaldmiðli sem reikningarnir sýna. Þar sem útreikningur gengis gjaldmiðla reynist þörf, verður það gengi notað sem var í gildi þegar reikningurinn var gefinn út.
- Vinsamlega athugaðu, að kostnaður sem hlýst af þessu verður endurgreiddur innan marka tryggingarinnar og verður nettó allrar eigin áhættu sem tilgreind er í **tryggingarskírteini þínu**.

#### ALMENNAR UPPLÝSINGAR VEGNA BÓTKRÖFU

Öll skjöl og efni (þar með talið en ekki takmarkað við upphaflega skráningu, vottorð og röntgenmyndir) sem **við** þurfum til að styðja bótkröfuna verður að útvega án kostnaðar fyrir **okkur** (þar með talið ef óskað er eftir því af okkur; læknskýrslu frá **heimilislækni hins vátryggða** eða **sérfræðingi** og ítarlega sjúkraskrá hins **vátryggða** áður en bótkrafan var gerð) Í því tilfelli að við óskum eftir læknisfræðilegum upplýsingum til að við getum metið bótkröfu og við getum ekki fengið þær sendar til okkar, er það á ábyrgð **vátryggða** að fá slíkar upplýsingar frá núverandi eða fyrrverandi **lækni**, eftir því sem við á.

Bótkröfu er aðeins hægt að gera vegna meðferðar sem var í raun veitt á **gildistíma vátryggingar** og bætur verða aðeins greiddar vegna útgjalda sem mynduðust áður en tryggingin rann út eða vátryggingarvernd var felld úr gildi.

Vátryggður verður, án tafar, að tilkynna okkur skriflega um allar bótkröfur eða réttindi til aðgerða gangvart hvaða þriðja aðila sem er, sem má rekja til kringumstæðna sem ollu því að bótkrafa var gerð samkvæmt þessari tryggingu og verður að veita okkur áframhaldandi upplýsingar skriflega og gera viðeigandi ráðstafanir eftir því sem hægt er að ætlast til varðandi gerð bótkröfu á hendur þeim aðila. Að því marki sem lagaheimildir leyfa samkvæmt lögum búsetulands vátryggða, áskiljum við okkur rétt til að hefja málsókn í nafni hvaða vátryggðs aðila sem er til



hagsbóta fyrir okkur og krefjast þóknunnar eða skaðabóta eða annars sem tengist hvaða bótum sem er og kostnaði sem greiðist samkvæmt þessari tryggingu. Við munum gæta fyllsta trúnaðar varðandi alla háttsemi varðandi slík dómsmál og varðandi allar bótafjárhæðir.

#### KVARTANIR

Það er okkur kappsmál að veita þér fyrsta flokks þjónustu og við viljum tryggja að við við höldum ávallt þeim gæðastuðli. Ef þér finnst við ekki hafa boðið þér fyrsta flokks þjónustu, skrifaðu okkur þá vinsamlega og láttu tryggingaráðgjafa þinn vita og við munum gera okkar besta til að leysa vandann.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða áhyggjuefni varðandi tryggingu þína eða meðhöndlun bóta kröfu ættir þú umsvifalaust að hafa samband við tryggingaráðgjafa þinn.

Ef þú ert í vandræðum varðandi einhver atriði tryggingar þinnar hafðu vinsamlega samband við tryggingaráðgjafa þinn.

#### Ef þú ert ENN EKKI ÁNÆGÐUR

Í því tilfalli að þú sért enn óánægður og óskir eftir að kvarta getur þú gert það hvenær sem er með því að vísa málinu til “Policyholder & Market Assistance at Lloyd’s” (Aðstoð við váttryggingartaka og markaðsaðstoð hjá Lloyd’s)

Heimilisfang þeirra er:

Policyholder & Market Assistance

Lloyd’s Market Services

One Lime Street

London EC3M 7HA

Sími: +44 20 7327 5693

Fax: +44 20 7327 5225

Tölvupóstfang: [Complaints@Lloyds.com](mailto:Complaints@Lloyds.com)

Umkvörtunum sem Policyholder & Market Assistance geta ekki leyst úr má vísa til “Financial Ombudsman Service” (Umboðsmanns fjármálaþjónustu)

Nánari upplýsingar er hægt að fá á viðeigandi stigi kvörtunarferlisins.

#### BÓTAKERFI FYRIR FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU (Financial Services Compensation Sceme)

Váttryggjendur hjá Lloyd’s eru tryggðir samkvæmt Financial Services Compensation Sceme (Bótakerfi fyrir fjármálaþjónustu). Þú gætir átt rétt á bótum út bótakerfinu ef váttryggjandi hjá Lloyd’s er ófær um að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Ef þú átt rétt á bótum samkvæmt bótakerfinu, þá fer gildi og umfang bótanna eftir því hvers eðlis samningur þinn er. Nánari upplýsingar varðandi bótakerfið má fá hjá “Financial Services Compensation Scheme (7th floor, Lloyd’s Chambers, Portsoken Street, London E1 8BN) og á vefsíðu þeirra ([www.fscs.org.uk](http://www.fscs.org.uk)).

#### LLOYD’S

Váttryggjandi þessarar tryggingar er Syndicate númer 570 hjá Lloyd’s sem rekið er af Atrium Underwriters Ltd hjá Lloyd’s sem er löggilt félag undir eftirliti Financial Services Authority (breska fjármálaeftirlitsins). Skráningarnúmer 204834. Þú getur athugað þetta hjá breska fjármálaeftirlitinu með því að skoða vefsíðu þeirra [www.fsa.gov.uk/register](http://www.fsa.gov.uk/register) eða með því að

hafa samband við Financial Services Authority (breska fjármálaeftirlitið) í síma +44 845 606 1234.